

**Nr. 132 / 11 Sörli ÍS 66*****Skipverji slasast í munni***

Skipaskr.nr. 6738  
Smíðaður: Skagaströnd 1986, plast  
Stærð: 8,7 brl. 5,8 bt.  
Mesta lengd: 9,28 m Skráð lengd: 7,95 m  
Breidd: 2,99 m Dýpt: 1,44 m  
Vél: Volvo Penta 160 kW, 1990  
Fjöldi skipverja: 1



Sörli©Ólína Bjarnadóttir

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 8. ágúst 2011 var Sörli ÍS 66 á handfæraveiðum á Húnaflóa. Veður: A 3 m/s.

Bátsverjinn hafði goggað stóran fisk af færinu og var hálfur boginn yfir borðstokkinn þegar fiskurinn spriklaði sig lausan með þeim afleiðingum að skepti goggsins slóst í andlit hans. Við þetta brotnuðu tvær tennur.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.